

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 2004

6. janúar 2004

5

Nr. 7

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Haukadalur II við Geysi í Biskupstungum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 deiliskipulag fyrir íbúðarhúsi í landi Haukadals II í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 1 íbúðarhúsi vestan við þjónustusvæði við Geysi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

6. janúar 2004

AUGLÝSING

Nr. 8

ríkisskattstjóra nr. 1/2004 um skilaskyldu og skilafresti á árinu 2004 fyrir launaskýrslur o.fl. skv. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ríkisskattstjóri hefur skv. 93. gr. laga nr. 90/2003 ákveðið að eftirtöldum gögnum vegna ársins 2003 skuli skilað til skattstjóra eigi síðar en 26. janúar 2004. Sé gögnunum skilað á rafrænu formi framlengist fresturinn til 6. febrúar 2004.

1. Launamiðar og greiðslumiðar (RSK 2.01) vegna launa, lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta o.fl. Á launamiðum komi m.a. fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda, styrkja, bóta eða annarra tekna. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi endurgjald fyrir vinnu, bætur, styrki eða aðrar greiðslur sem skattskyldar eru skv. 7. gr. laga nr. 90/2003.
2. Verktakamiðar (á eyðublaði RSK 2.01). Skilaskyldir eru félög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, sem innt hafa af hendi greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu).

3. Bifreiðahlunnindamiðar (RSK 2.035). Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar og ekki fylla út RSK 4.03 vegna hennar.
4. Hlutaþjárfniðar (RSK 2.045) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.04). Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.
5. Stofnsjóðsmiðar (RSK 2.065) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.06). Skilaskyld eru öll samvinnufélög þ.m.t. kaupfélög.
6. Launaframtal (RSK 1.05) einstaklinga, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og lögaðila, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003, hafi þeir greitt laun eða viðbótarframlag í lífeyrissjóð á árinu 2003.
7. Upplýsingar um viðskipti með hlutabréf (RSK 2.08). Skilaskyldir eru bankar, verðbréfa-fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.
8. Greiðslufirilit (RSK 2.025) yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. tölul. (þjónusta eða starfsemi innt af hendi hér á landi) og 6. tölul. (leiga og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda, sérþekkingar, o.fl.) 3. gr. laga nr. 90/2003. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa greiðslur sem þessar af hendi.
9. Greiðslumiðar (RSK 2.02) yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 og ekki er gerð grein fyrir á skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa greiðslur sem þessar af hendi.

Upplýsingum þessum skal ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra, sem finna má á vefsíðu ríkisskattstjóra www.rsk.is. Annars skal þeim skilað á tilsvarendi eyðublöðum RSK, sem einnig er þar að finna.

Reykjavík, 6. janúar 2004.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.